

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

#### *Fagrihjalli 11. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 22. júní 2021 breytingu á deiliskipulagi fyrir Fagrahjalla 11 (áður nr. 20).

Í breytingunni felst að byggingarreitur kjallara stækkar um 3,05 m til suðurs, byggingarmagn eykst um alls 36 m<sup>2</sup>. Nýtingarhlutfall eykst úr 0,47 í 0,52.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Dalaping 13. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 24. ágúst 2021 breytingu á deiliskipulagi fyrir Dalaping 13. Í breytingunni felst að núverandi byggingar verði fjarlægðar og að í þeirra stað verði komið fyrir tveimur byggingarreitum fyrir einbýlishús á einni hæð, 210 m<sup>2</sup> og 220 m<sup>2</sup> ásamt byggingarreit fyrir parhúsi á tveimur hæðum, 400 m<sup>2</sup>. Alls 4 íbúðir, heildarbyggingarmagn á lóðinni verður 830 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall 0,25. Þá mun aðkoma að húsunum breytast með vegi og bílastæðum á lóð.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 14. október 2021.*

**Auður D. Kristinsdóttir** skipulagsfulltrúi.